

REGLUGERÐ

um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

1. gr.

Fyrir matvæla-, áburðar-, sáðvöru- og fóðureftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar skulu fyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá þessa. Gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar. Einnig skal greiða gjald vegna kostnaðar við sýnatöku og greiningu á rannsóknastofu.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð er 20.870 kr./klst. Aðeins er greitt fyrir eftirlit sem framkvæmt er á eftirlitsstað og greitt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við þá eftirlitsskyldu starfsemi sem fram kemur í viðauka I með gjaldskrá þessari og er greitt fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

Falli reglubundið eftirlit með fyrirtækjum ekki undir 1. eða 2. mgr. skal greiða eftirlitsgjald skv. 8. gr.

Til viðbótar við ofangreind gjöld skal greiða 3.330 kr. akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

3. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi skal greiða gjald fyrir útgáfu leyfis sem nemur einu tímajaldi, 8.348 kr., hvort sem um er að ræða nýja starfsemi eða endurnýjun leyfis. Fyrir skráningu fóðurfyrirtækja og skráningu fóðurs skal greiða gjald sem nemur hálfu tímajaldi, þ.e. 4.174 kr.

4. gr.

Greiða skal gjald vegna vinnu við inn- og útflutning samkvæmt neðangreindri töflu:

Inn- og útflutningur	Gjald kr.
Útflutningur dýrafurða, allt að 5,0 kg	2.400
Útflutningur dýrafurða, sem hluti af eigin farangri	250
Útflutningsvottorð dýrafurða umfram 5,0 kg	5.844
Útflutningsvottorð á heyi	5.844
Útflutningsskoðun hrossa pr. dýr	5.704
Útflutningsvottorð, sjávarafurðir	4.174
Útflutningsvottorð, lifandi hrogn	4.174
Útflutningsvottorð, lifandi seiði	4.174
Útflutningur plantna og plöntuafurða, þar með talið viðarumbúðir og fræ	4.174
Innflutningseftirlit, notaðra landbúnaðartækja	29.218
Innflutningseftirlit, sæði hunda	8.348
Innflutningseftirlit, hundar og kettir	33.392
Innflutningseftirlit, önnur gæludýr	8.348
Innflutningseftirlit, með sáðvöru (s.s. fræ og sáðkorn), utan EES	8.348
Innflutningseftirlit, áburður, 1-5 tegundir í sendingarnúmeri	1.252
Innflutningseftirlit, áburður, 6-10 tegundir í sendingarnúmeri	2.087
Innflutningseftirlit, áburður, yfir 10 tegundir í sendingarnúmeri	2.504
Innflutningseftirlit, áburður, skráning áburðarinngflytjanda	4.174
Innflutningseftirlit, áburður, skráning áburðartegundar, hver tegund	4.174

Inn- og útflutningur	Gjald kr.
Afgreiðsla tilkynninga um innflutning fóðurs fyrir dýr til matvælaframleiðslu	4.174
Afgreiðsla tilkynninga um innflutning fóðurs fyrir gæludýr	4.174
Útflutningseftirlit, sauðfjársæði	4.174
Útflutningsáritun, hundar og kettir	1.700

Gjald fyrir annað inn- og útflutningseftirlit skal greiðast samkvæmt tímagjaldi, sbr. 8. gr.

5. gr.

Eftirlitsgjald vegna heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum, sbr. 11. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997 er 5,2 kr. fyrir hvert kiló kindakjöts, 6,5 kr. fyrir hvert kiló svínakjöts, 4,6 kr. fyrir hvert kiló nautgripakjöts, 6,6 kr. fyrir hvert kiló hrossakjöts og 1,2 kr. fyrir hvert kiló alifuglakjöts. Gjaldið greiðist samkvæmt innvegnu magni kjöts í afurðastöð í samræmi við framleiðsluskyrslur sláturleyfishafa til Bændasamtaka Íslands. Sláturleyfishafa er skyld að skila undirritaðri framleiðsluskýrslu mánaðarlega fyrir 15. hvers mánaðar fyrir framleiðslu liðins mánaðar. Framleiðsluskýrsla skal undirrituð af framkvæmdastjóra eða af öðrum aðila fyrir hans hönd.

Bændasamtök Íslands skulu skila til Matvælastofnunar framleiðslutölum hvers tímabils eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

6. gr.

Eftirlitsgjald vegna aðskotaefnamælinga í mjólk, eggjum og lagardýrum skal greiða samkvæmt framlögðum framleiðslumagnstölum framleiðenda á hverju sex mánaða tímabili og skulu upplýsingar um framleiðslumagn hafa borist Matvælastofnun eigi síðar en 15 dögum eftir lok tímabils. Eftirlitsgjaldið skal greiða í fyrsta sinn fyrir tímabilið júní til og með nóvember af afurðastöðvum mjólkur, eggjaframleiðendum og eldisstöðvum lagardýra.

Eftirlitsgjald fyrir aðskotaefnamælingar í mjólk er 66 kr. á hverja þúsund lítra af innveginni mjólk hjá afurðastöð.

Eftirlitsgjald fyrir aðskotaefnamælingar í eggjum er 574 kr. fyrir hvert framleitt tonn hjá eggjaframleiðendum.

Eftirlitsgjald fyrir aðskotaefnamælingar í lagardýrum er 439 kr. fyrir hvert framleitt tonn af lagardýrum/óslægðum fiski hjá eldisstöðvum.

7. gr.

Árlegt eftirlitsgjald vegna opinberra eftirlitssýna í fóðri byggir á áhættuflokkun fóðurframleiðslufyrirtækja og fer gjaldið samkvæmt eftirfarandi töflu og greiðist á sex mánaða fresti í fyrsta sinn í desember 2012 vegna júní til og með nóvember:

Áhættuflokkur	Eftirlitsgjald kr.
Fyrirtæki í áhættuflokki 2	682.802
Fyrirtæki í áhættuflokki 3	365.787
Fyrirtæki í áhættuflokki 4	268.244
Fyrirtæki í áhættuflokki 5	195.086
Fyrirtæki í áhættuflokki 7	53.649
Fyrirtæki í áhættuflokki 8	35.969

8. gr.

Fyrir annað eftirlit en tilgreint er í gjaldskrá þessari skal greiða tímagjald að fjárhæð 8.348 kr./klst. auk ferðakostnaðar. Tímagjald greiðist einnig vegna vinnu við leyfisveitingar og fyrir viðbótareftirlit. Fari eftirlit fram utan venjulegs vinnutíma, milli kl. 08.00-17.00 á virkum dögum, skal greiða tímagjald að fjárhæð 12.335 kr./klst. Greiða skal 3.330 kr. akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn. Auk þess skal greiða kostnað vegna rannsókna og greininga á áburði, skelfiski, mjólk og ostum samkvæmt viðauka II, en kostnaður vegna annarra rannsókna og greininga skal greiðast af eftirlitsþola samkvæmt raunkostnaði.

Nr. 567

2. júlí 2012

9. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Heimilt er að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi.

10. gr.

Matvælastofnun annast innheimtu eftirlitsgjalda samkvæmt reglugerð þessari. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengis dóms eða sáttar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í eftirfarandi ákvæðum laga: 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðispjónustu við dýr nr. 66/1998, 11. og 17. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997, 31. og 31 gr. a. laga um sjávarafurðir nr. 55/1998, 8. gr. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og 15. gr. laga um skeldýrarækt nr. 90/2011.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 234/2010 um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar, með síðari breytingum.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 2. júlí 2012.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Kristinn Hugason.

VIÐAUKI I

Eftirlitsverkefni - Reglubundið eftirlit	Gjald kr.
Framleiðsla hrámjólkur, < 50 kýr	29.218
Framleiðsla hrámjólkur, 50-100 kýr	33.392
Framleiðsla hrámjólkur, 101-200 kýr	37.566
Framleiðsla hrámjólkur, > 200 kýr	41.740
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, < 50 gripir	20.870
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, 51-100 gripir	25.044
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, 101-200 gripir	29.218
Eldi nautgripa til kjötframleiðslu, > 200 gripir	33.392
Framleiðsla hrámjólkur úr kindum og geitum	20.870
Svínarækt - gyltur og lífdýr	54.262
Svínarækt - gyltur, lífdýr og alisvín	62.610
Svínarækt - alisvín < 500	45.914
Svínarækt - alisvín > 500	108.524
Svínarækt - annað eða < 50 dýr	16.696
Útungunarstöð, almenn	37.566
Alifuglabú, sóttkví	33.392
Alifuglastofnbú, < 4 stofnhús	33.392
Alifuglastofnbú, > 4 stofnhús	41.740
Alifuglaeldi, < 4 eldishús	62.610
Alifuglaeldi, 4-10 eldishús	70.958
Alifuglaeldi, > 10 eldishús	87.654
Varphænur neyslueggja < 4 varphús	62.610
Varphænur neyslueggja 4-10 varphús	70.958
Varphænur neyslueggja > 10 varphús	87.654
Sáðvara, framleiðsla, gæðavottun og/eða sala	58.436
Sáðvara, eftirlit með sölu innanlands	54.262
Matfiskaeldi, framleiðsla, < 25 tonn á ári	16.696
Matfiskaeldi, framleiðsla, 25-50 tonn á ári	25.044
Matfiskaeldi, framleiðsla, > 50 tonn á ári	33.392
Klakstöð/seiðaeldi, < 100.000 seiði	20.870
Klakstöð/seiðaeldi, > 100.000 seiði	33.392
Framleiðsla á umbúðum úr viði	29.218
Áburður, framleiðsla lífræns áburðar úr aukaafurðum dýra	79.306
Áburður, framleiðsla lífræns áburðar úr öðru en aukaafurðum dýra	33.392

Nr. 567

2. júlí 2012

VIÐAUKI II
Kostnaður vegna efnagreininga og mælinga á rannsóknastofum

Áburður, opinber eftirlitssýni	Gjald kr.
Köfnunarefni N	5.844
Kalíum K	4.174
Fosfór P	3.006
Brennisteinn S	3.340
Kalsíum Ca	3.006
Kadmíum Cd	5.343
Magnesíum Mg	3.006

Mjólk og ostar	Gjald kr.
Líftala 30°C	2.875
Líftala, kuldaþol	2.875
Líftala, hitaþol	3.105
Kóligerlar (VRBA)	2.703
Bacillus cereus	3.335
Salmonella	6.268
Listeria monocytogenes	6.153
Staphylococcus aureus	3.335
Ger- eða myglusveppir	3.335
Kólí og saukóligerlar (MPN)	7.245
Saurkokkar	3.105
Súlfít afox. Cl	3.335
Vatnssýni	21.678

Skelfiskur	Gjald kr.
Þörungaeitur PSP	36.729
Þörungaeitur DSP	45.911
Þörungaeitur ASP	25.043
Þungmálmar	40.144
E.coli	5.500
Salmonella	7.550